

Nd.

355. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með loftskýtanotkun íslenskra veiðiskipa.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klotnað um þetta mál, og viðurkenna þó nefndarmenn allir nauðsyn þess að aftra misnotkun loftskýta til stuðnings eða yfirhlymingar landhelgisbrotum.

Minni hlutinn álitur, að ákvæði frv. nái ekki tilgangi, meðal annars vegna þess, að ekki megi treysta drengskaparheitum þeirra, sem loftskýtum skifta milli lands og skipa, um ófalsað efni skýtanna.

Þvílíka ástæðu viljum vjer að engu hafa og teljum hana tæpast fram-bærilega.

Um þýðingu og gildi frv. viljum vjer hinsvegar taka þetta fram:

1. Enn sem komið er skortir efni til að verja landhelgina til hlítar fyrir lög-brjótum. Þyrfti líklega að fjölga varðskipum um helming, ef vörnin ætti að vera örugg. En meðan svo er ástatt er einsætt, að beita verður öðrum tiltæk-um ráðum til varnar landhelginni, og er þá ekkert hendi nær en vendilegt eftirlit með loftskýtasendingum, sem stuðlað geta að landhelgisbrotum.
2. Sú skoðun, sem víða hefir fest rætur, að loftskýti sjeu þráfaldlega notuð til að firra innlenda lögbrjóta ábyrgð vegna ólöglegra veiða og til að aðstoða þá við lögbrotin, hefir lamað tilfinnanlega traust útlendra manna á íslensku rjettarfari og drengilegri löggæslu. Landhelgisvarnirnar, sem nær eingöngu snúast um töku útlendra togara, fá í augum útlendinganna á sig blæ rán-skapar og hlutdrægni, er samsek innlend veiðiskip sleppa við aðför. Þarf engum getum að því að leiða, hver áhrif slíkt vantraust á vorri litlu þjóð getur haft, og má því með sanni segja, að sæmd hennar og velfarnan sje í hættu stofnað, ef ekki tekst að uppræta slíkan grun og aftra notkun loft-skýta til stuðnings ólöglegum veiðum innlendra manna.
3. Strangt eftirlit um notkun loftskýta í sambandi við landhelgisbrot hlýtur að skapa varkárni hjá aðiljum öllum og árvekni um eftirlitið af hálfu annara manna. Að því stuðla ekki aðeins háar sektir, heldur og það, sem öllum vönduðum mönnum er viðkvæmara, að rjúfa þarf drengskaparheit til að falska eða torkenna efni skýtanna.

Þetta með öðru knýr til þess að hefjast handa og reyna að reisa skorður við misnotkun loftskýtanna, en það verður eigi gert með öðru en ströngu eftirliti.

Vjer höfum orðið ásáttir um að gera nokkrar breytingar á frv., sem að-allega snerta form þess og samræmi við gildandi lög. Leggjum vjer því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Hver loftskeytastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip, sem hefir loftskeytataeki, skulu hafa frá dómsmálaráðuneytinu sjerstök eyðublöð undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenskum veiðiskipum. Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sje ætlað til að stuðla að landhelgisbrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenskum loftskeytastöðvum og hverju íslensku veiðiskipi með loftskeytatakjum skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund- og dagsetningu og í töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Eunnfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskifti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskifti þeirra við land. Skulu loftskeytastöðvar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda dómsmálaráðuneytinu frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár. Skulu bækur þessar síðan lagðar fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis.

2. Við 4. gr. Greinina skal þannig orða:

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot á 3. gr., eða útgerðarstjóri um brot á 2. gr., og varðar það þá 8—30 þúsund króna sekt fyrir útgerð skipsins, en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgisbrot, í fyrsta sinn missa rjett til skipstjórnar í 2 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórnarrjettindi fyrir fult og alt.

Verði einhver annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsg., brotlegur gegn 3. gr., sæti hann sektum frá 1000—12000 kr.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hjer á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgisbrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða að sá, er sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum. Skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rjetti til að senda loftskeyti, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins, sem ræður orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 4. gr. Sjávarútvegsnefndir Al-

þingis gera tillögur um, hve lengi slíku eftirliti skuli haldið áfram gagnvart aðilja hverjum.

Að öðru leyti en því, sem hjer er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

4. Niður falli 6., 7. og 8. gr.

Greinatalan breytist eftir þessu.

Alþingi, 29. febr. 1928.

Sveinn Ólafsson,
form. og frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Sigurjón Á. Ólafsson.